

REGLUR

um breyting á reglum nr. 109 7. mars 1974, fyrir veðdeild Alþýðubankans h/f um útgáfu á 1. flokki bankavaxtabréfa.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Veðdeild Alþýðubankans h/f gefur út skuldabréf til handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Bankastjórn Alþýðubankans h/f undirskrifar bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglum þessum. Fjárhæð bréfanna skal vera kr. 100 000.00 og skal hvert bankavaxtabréf vera fölusett og bréfin samin eftir þeirri fyrirmynd, sem stjórn Alþýðubankans h/f ákveður.

2. gr.

3. gr. reglnanna orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar, ár hvert. Ársvextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 11.5% og reiknast eftir á af höfuðstól eða eftirstöðvum hans. Verði almenn breyting á útlánsvöxtum frá því, sem er í núgildandi fyrirætlum Seðlabanka Íslands frá maí 1973 breytast vextir af bankavaxtabréfunum hlutfallslega til samræmis.

3. gr.

Í stað orðsins „bankavaxtabréfunum“ í síðasta málslið 11. gr. reglnanna komi: veðskuldabréfunum.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 330 24. nóvember 1972, fyrir Alþýðubankann h/f, sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breytingu á þeirri reglugerð, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 12. júlí 1974.

Lúðvík Jósefsson.

Gylfi Knudsen.

17. júlí 1974.

Nr. 235.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tónmenntasjóður kirkjunnar.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá menntamálaráðuneytinu að fjárhæð kr. 10 000.00.

Í sjóðinn renna 20 — tuttugu — af hundraði þeirra gjalda, sem árlega verða innheimt vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.